



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Reykjavík 30. apríl 2010

Rammaáætlun um nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði

Undirrituðum barst skýrsla faghópa rammaáætlunar með kynningarbréfi formanns verkefnastjórnar þar sem hvatt er til umsagna um téða skýrslu. Er til fyrirmyndar hjá nefndinni að skýrslan sé birt og opin fyrir umsagnir.

Faghóparnir rammaáætlunar eru fjórir. Gögn um virkjanakosti bæði í vatnsafl og jarðvarma eru fengin hjá Orkustofnun og frá virkjunaraðilum. Það eru einkum tveir faghópar sem koma inn á sviði Veiðimálastofnunar. Þetta eru faghópur um náttúru og menningaminjar og faghópur um ferðaþjónustu, hlunnindi og útivist. Hinir tveir hóparnir fjalla annars vegar um þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðaðpróun og hins vegar um orkulindir og virkjanakosti.

Undirritaður ritaði verkefnisstjórn bréf á sínum tíma og mætti á fund hennar með það erindi að bjóða fram þá þekkingu og þau gögn sem til eru á stofnuninni er varða lífríki í fersku vatni og um veiðihlunnindi. Veiðimálastofnun er sú stofnun sem mest hefur af gögnum og þekkingu á þessum sviðum. Veiðimálastofnun hefur einnig víðtæka reynslu af virkjunum og hefur komið að vinnu við flestar vatnsaflsvirkjanir landsins. Lengi var lítið með þetta tilboð mitt gert, en seint á síðasta hausti var einn sérfræðingur stofnunarinnar beðinn um að taka þátt í starfi faghóps um ferðaþjónustu, hlunnindi og útivist. Var það til bóta en full ástæða hefði verið að stofnunin hefði komið fyrir og meira að málum og að í faghóp um náttúru og menningarminjum hefði verið sérfræðingur frá stofnuninni. Er það miður að ekki sé nýtt sú þekking og þau gögn sem kunna að vera til um þau svæði sem til umfjöllunar eru. Ber vinnan í faghóp um náttúru og menningarminjum það einnig með sér að þar vantar bæði þekkingu og

að tiltæk gögn séu notuð. Þetta sést til að mynda á þeim heimildarlista sem birtur er í skýrslunni. Þar vantar heimildir sem að gagni koma.

Hins vegar er erfitt lítið er erfitt að átta sig á því vinnulagi sem viðhaft var í störfum faghóps um náttúru og menningaminjar. Við verðmætamat fá ákveðnir þættir tiltekið vægi. Svæði fá háa verndareinkunn ef allir þættir fá háa einkunn. Alhliða fjölbreytileiki er samkvæmt þessu mest náttúruverðmæti. Þessi aðferð er hæpin vegna þess að flest svæðin eru á jarðfræðilega ungu landi (eldfjallasvæðum landsins) og mjög ómótuð ennþá. Þegar kemur að aðferðum er sagt að um leynilegar atkvæðagreiðslur hópfolks hafi ráðið röðun virkjanakosta. Ekki geta það talist gagnsæ vinnubrögð. Engin leið er því að rýna í hversu vitræn einkunnagjöf er fyrir hvern þátt og samræmist því engan veginn vísindalegum aðferðum sem gerir kröfu til að hægt sé að endurtaka mælingar og fara yfir forsendur. Því er engin leið til að meta niðurstöðurnar. Sama gildir að nokkru um aðra hópa. Sagt er frá aðferðum en síðan koma niðurstöður. Ekkert kemur fram hvað gerist þar á milli. Engin rökstuðningur er með niðurstöðum. Ekkert tillit er tekið til boðaðra mótvægisáðgerða eða mögulegra mótvægisáðgerða. Allt of lítið tillit er tekið til þekkingarstigs á mismunandi svæðum. Verið er að bera saman lítt mótaðar hugmyndir um virkjanir við fullmótaðar virkjanir, sem farið hafa í gegnum umhverfismat og eru þegar hannaðar. Þekkingarleysi ætti almennt að leiða til að þar sé varlega farið í matinu, náttúran á að njóta vafans.

Þá er ekki metinn fyrirhugaður rekstur á virkjunum. Í vatnsaflsvirkjunum skiptir allt eins miklu máli hvernig virkjun er rekin, eins og framkvæmdir við að reisa hana. Reginmunur er á virkjun sem keyrð er jafnt og virkjun sem keyra á í skamman tíma á dag eða á ári með tilheyrandi rennlissveiflum.

Vísindi byggja á að afla og lýsa gögnum, lýsa aðferðum svo hægt sé að endurtaka rannsókn og svo koma með niðurstöður og umræðu sem rökstyður niðurstöðurnar. Þetta bregst algerlega í rammaáætlun.

Aðferðirnar sem notaðar eru virðast leiða til ákveðinnar fyrirfram gefnar niðurstöðu, svo virðist að mikilvægi ósnortins víðernis hafi haft mikið að segja og svæði sem eru

nærri byggð eða öðrum framkvæmdasvæðum líði ef til vill fyrir það eitt burt séð frá mikilvægi þeirra sjálfra.

Vanda þarf meira til verka í mati á virkjunarkostum en gert hefur verið og birtist í skýrslu rammaáætlunar. Lágmarkskrafa er að nýta þá þekkingu sem til er. Bæta þarf úr þar sem þekkingu skortir. Þá þarf vinnan að vera gagnsæ og rökstudd svo unnt sé að meta forsendur niðurstaðnanna. Sú vinna tekur tíma. Forsendurnar verða að vera ljósar þegar svæði eru metin út frá verndargildi og nýtingargildi, ef viðunandi sátt á að nást um nýtingu og verndun. Talsvert langt er í land að svo megi verða.

Virðingarfyllt,

Sigurður Guðjónsson, forstjóri